

HERPES SIMPLEX VEIRA (HSV) Á MEÐGÖNGU

Herpesýking er algeng en fáir vita til þess að hafa fengið sýkingu því oft er hún einkennalaus (subklínísk sýking).

Herpesveirur geta framkallað einkenni með blöðrum og sárum, t.d. á vörum, í munni eða á kynfærum. Þessar veirur eru af tegund I eða II. Allt að 70 % þungaðra kvenna hafa mótefni í blóði fyrir HSV I og um 15-30 % fyrir HSV II. Endurtekin einkenni eru algengari af HSV tegund II. Endurtekin einkenni sýkingar verða stundum á nokkura vikna fresti eða með margra ára á millibili.

ENDURSÝKING

Endurtekin einkenni herpesýkingar (endursýking, recurrence) á meðgöngu eru miklu algengari en frumsýking. Við endurtekin einkenni er hættu á smiti og alvarlegum veikindum barns mjög lítil þar sem mótefnið IgG fer yfir fylgju og barnið fær því óbeina vörn. Við endursýkingu er smithætta í fæðingu talin vera um 1-3% og hættu á alvarlegum veikindum barns enn minni.

Ef endurtekin einkenni sýkingar á kynfærum koma fyrir á meðgöngu, kemur fyrirbyggjandi meðferð til álita til að draga úr líkum á herpes útbrotum í fæðingu. Meðferð með veirulyfi hefst þá við 36v meðgöngu og lýkur við fæðingu barns. Einnig má meðhöndla endurtekin herpes útbrot fyrr á meðgöngunni til að minnka óþægindi og stytta sjúkdómsferil.

Mælt er með eftirfarandi lyfjum:

- Tabl. valacíklóvírhýdróklóríð (Valtrex®) 500mg x 2
- Tabl. aciklovír (Zovir®) 400mg x 3

FRUMSÝKING

Sjaldgæft er að konur smitist af HSV í fyrsta sinn á meðgöngu. Yfirleitt eru einkenni þá mikil. Auk áblásturs á kynfærum fylgir oft hiti, eitlastækkar í nárum og erfiðleikar við þvaglát. Ef grunur er um frumsýkingu af völdum HSV ætti að visa konu strax til lækis til að staðfesta hvort svo sé með skoðun, sýnatöku og blóðprufum (serologiu) til að mæla mótefni. Gömul mótefni (IgG) útiloka frumsýkingu. Við

kínísk einkenni um frumsýkingu er mikilvægt að hefja meðferð sem fyrst. Mælt er með að konur fæði með keisaraskurði sem greinst hafa með frumsýkingu innan 6 vikna frá væntanlegum fæðingardegi til að verja nýburann. Vísa ætti öllum þunguðum konum með HSV frumsýkingu til fæðingalæknis.

HSV getur einnig borist til nýfæddra barna og ætti því að gæta að handþvotti og forðast að kyssa kornabörn á andlitið,

➤ Sjá nánar:

<https://www.rcog.org.uk/globalassets/documents/guidelines/management-genital-herpes.pdf>

MÆÐRAVERND PRÓUNARVIÐS HH, ENDURSKOÐAÐ MARS 2018